



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 31. Janúar, 2007

Ákvörðun nr. 4/2007

## Samruni Sparisjóðs Keflavíkur og Sparisjóðs Ólafsvíkur

### 1.

Með bréfi dagsettu 28. desember 2006 var tilkynnt að Sparisjóður Keflavíkur hefði yfirtekið allar eignir og skuldir Sparisjóðs Ólafsvíkur. Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin miðaðist við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu um samruna. Samrunaskránni fylgdi samkomulag stjórna sparisjóðanna um sameininguna og samrunaáætlun auk ýmissa gagna. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að yfirtaka Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóð Ólafsvíkur feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

### 2.

Sparisjóður Ólafsvíkur og Sparisjóður Keflavíkur eru sparisjóðir í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Keflavíkur eru 565 talsins en 46 í Sparisjóð Ólafsvíkur. Sparisjóður Keflavíkur rekur afgreiðslur í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Garði, Vogum og Sandgerði. Sparisjóður Ólafsvíkur rekur afgreiðslu á Ólafsvík.

### 3.

Í samrunaskránni kemur fram að tilgangurinn með sameiningu sjóðann sé fyrst og fremst sá að styrkja sjóðina þannig að þeir verði betur í stakk búnir til þess að þjónusta viðskiptavinum sína. Að sögn samrunaaðila er starfsemi þeirra takmörkuð við fjármálaþjónustu. Segjast samrunaaðilar starfa á undirmörkuðum fyrir viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu og fjárfestingabankaþjónustu. Jafnframt kemur fram að umsvif samrunaaðila í fjárfestingarbankaþjónustu séu takmörkuð.

Til viðbótar samrunaskránni hefur Samkeppniseftirlitið aflað ýmissa gagna í því skyni að meta áhrif samrunans.



#### 4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opin eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Sparisjóðs Keflavíkur og Sparisjóðs Ólafsvíkur á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með samningi Sparisjóðs Keflavíkur og Sparisjóðs Ólafsvíkur um yfirtöku hins fyrrnefnda á öllu stofnfé hins síðarnefnda felst samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson